

Alþingi
Erindi nr. P 127/1144
komudagur 12.3.2002

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík



11.mars 2002

Umsögn SVP – Samtaka verslunar og þjónustu um frumvarp til laga um rafeyrisfyrirtæki, 454.mál, EES-reglur.

1. Inngangur

Þetta frumvarp er byggt á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/46/EB frá 18.september 2000 um stofnun og rekstur rafeyrisstofnana og eftirlit með þeim. SVP- Samtök verslunar og þjónustu telja þetta frumvarp eðlilegt skref sem muni tryggja eðlilega þróun greiðslumiðlunar að því er varðar rafeyrisnotkun. Ljóst er að notkun rafeyris á eftir að aukast verulega og koma í stað smámyntar sem handhægur greiðslumiðill við greiðslu smárra upphæða, ekki síst þar sem sjálfsafgreiðsla er notuð. Frumvarpið er tímabært og tryggir samræmi við lagaramma nágrannalandanna.

2. Frumvarpið

SVP hefur einkum hugað að því að ekki séu þrengri kostir varðandi útgáfu rafeyris hér landi eftir samþykkt löggjafar eins og hér er til umræðu en í löndum innan EES. Í því sambandi hefur því verið litið sérstaklega til hæfisskilyrða, kröfu um eigið fé o.s.frv. Samtökin telja að þetta sé í ágætu lagi í fyrirliggjandi frumvarpi og gera því ekki athugasemdir við það sem heild eða einstaka hluta þess.

SVP- Samtök verslunar og þjónustu þakka fyrir að fá tækifæri til að tjá sig um umrætt frumvarp.

Virðingarfyllst,

Sigurður Jónsson framkvæmdastjóri